



NÁMSKRÁ

MENNTASTOÐIR

 FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI





Nafn námskrár:

Menntastoðir.

Námskrá númer 18-249-2-1000.

Vinnustundir námsmanns:

1000 klukkustundir.

Hverjum ætlað:

Fullorðnu fólki á vinnumarkaði, eldri en 20 ára sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

Fjöldi eininga:

Allt að 50 framhaldsskólaeiningar.

Útgefandi:

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

1. útgáfa, 2018.

Efnisyfirlit

Námskrá	1
Skipulag	2
Hæfniviðmið náms	2
Námsmat	3
Frjálst val	3
Námsþættir	4
Samskipti	5
Námstækni	6
Íslenska I	7
Íslenska II	9
Erlend tungumál I	11
Erlend tungumál II	13
Stærðfræði I	15
Stærðfræði II	17
Tölvu- og upplýsingatækni I	19
Tölvu- og upplýsingatækni II	21
Sjálfskraust	23
Viðaukar	24
Hæfnipættir námsþátta	25
Færnimappa og / eða verkdagbók	40

Námskrá

Námskráin Menntastoðir lýsir námi í almennum bóklegum greinum á 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Námið er ætlað þeim sem stefna á nám við undirbúningsdeildir háskóla eða vilja efla hæfni sína í almennum bóklegum greinum. Með almennum bóklegum greinum eða kjarnagreinum er vísað til íslensku, stærðfræði, erlendra tungumála og tölvu- og upplýsingatækni. Einnig er í náminu frjálst val sem fræðsluaðili ráðstafar með hliðsjón af þörfum námsmanna hverju sinni eða notar til að auka vægi einstakra námsþátta.

Námskráin var þróuð árið 2011 af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samráði við fulltrúa undirbúningsdeilda Keilis, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst.

Námið er 1.000 klukkustundir, þar af eru 560 klukkustundir ætlaðar í vinnuframlag námsmanns án leiðbeinanda. Mögulegt er að meta námið til allt að 50 eininga á framhaldsskólastigi.

Skipulag

Námið er fyrst og fremst bóklegt. Viðurkenndur fræðsluaðili ber ábyrgð á framkvæmd námsins og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk hans er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættaðir og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Hann skipuleggur hvernig tíma hvers námsþáttar er varið, undir leiðsögn leiðbeinanda annars vegar og í sjálfstætt nám hins vegar, ásamt því að bera ábyrgð á þjónustu við námsmenn. Lögð er áhersla á að leiðbeinendur noti fjölbreyttar kennsluaðferðir sem henta fullorðnum námsmönnum. Heimavinna fylgir náminu en getur verið mismikil eftir námsþáttum og einstaklingum.

Áhersla er lögð á samþættingu náms og vinnu. Einnig er lögð áhersla á að verkefni hvers námsþáttar séu samþætтуð öðrum námsþáttum eins og kostur er. Sérstök áhersla er lögð á samþættingu tölvu- og upplýsingatækni við verkefnavinnu í öllum öðrum námsþáttum námskrárinnar. Gert er ráð fyrir að námstími í erlendum tungumálum sé að lágmarki 60 klukkustundir með leiðbeinanda í hverju tungumáli. Miðað er við að heildarnámstími erlendra tungumála sé 240 klukkustunda vinna námsmanns. Lögð er áhersla á að fjallað sé um námstækni og mismunandi námsaðferðir þvert á námsþætti og þrep námsþátta.

Gera þarf ráð fyrir ólíkum þörfum námsmanna við upphaf náms þannig að námsmenn fái viðfangsefni við hæfi. Námsþættir eru á 1. og 2. þrepi hæfniramma um íslenska menntun en undirbúningsnám getur verið nauðsynlegt þar sem unnið er með grunnþætti í viðkomandi námsgrein eins og þeim er lýst í Aðalnámsskrá grunnskóla. Leiðbeinendur og verkefnastjóri náms meta þörf fyrir undirbúningsnám hverju sinni.

Hæfniviðmið náms

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Lykilatriðum í kjarnagreinum framhaldsskóla.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita þeirri námstækni sem hentar honum til náms.

Námsmaður skal geta hagnýtt sér þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna verkefni sjálfstætt og skipulega.
- Takast á við aðfararnám í háskólum.

Námsmat

Námsárangur er metinn út frá hæfniviðmiðum námsins. Leiðbeinandi metur árangur og námsframvindu með fjölbreyttum matsaðferðum. Áhersla er lögð á að leiðbeinandi og námsmenn fari sem oftast yfir það sem hefur áunnist og hvernig námsmönnum gangi að ná hæfniviðmiðum námsins.

Frjálst val

Heimilt er, með skriflegu samþykki FA, að fella niður námsþætti og bæta skyldum námsþáttum við án þess þó að draga úr heildarfjölda námsstunda enda fari breytingin ekki í bága við markmið eða tilgang námskrárinnar.

Heildarnámstími Menntastoða er 1.000 klukkustundir. Af þeim tíma er gert ráð fyrir 100 klukkustundum í val á 2. þrepi, sem skiptist í 40 klukkustundir með leiðbeinanda og 60 klukkustundir án leiðbeinanda. Fræðsluaðili og námsmenn ráðstafa þessum tíma að teknu tilliti til þarfa námsmanna hverju sinni eða nota hann til að auka vægi einstakra námsþátta. Tilgangur námsþáttarins er að styrkja námsmannahópinn sem heild eða koma til móts við þarfir þeirra einstaklinga sem stunda námið. Fræðsluaðili velur námsþátt í samráði við námsmannahópinn eða eykur vægi einstakra námsþátta í náminu. Einnig er hægt að velja námsþátt með hliðsjón af hvoru um sig, einstaklingsbundnu áhugasviði eða námsframboði hjá fræðsluaðila. Fræðsluaðila er heimilt að meta inn í frjálst val nám frá öðrum fræðsluaðilum eða skólum.

Námsþættir

Nafn námsþáttar	Skammstöfun	Klst. heild	Klst. með leiðbein.	Klst. án leiðbein.	Þrep
<i>Samskipti</i>	F-SASK2SA	20	10	10	2
<i>Námstækni</i>	F-NÁTÆ2NN	40	20	20	2
<i>Íslenska I</i>	F-ÍSLE1RF	100	40	60	1
<i>Íslenska II</i>	F-ÍSLE2LÚ	100	40	60	2
<i>Erlend tungumál I</i>	F-ERTU1OM	120	60	60	1
<i>Erlend tungumál II</i>	F-ERTU2OM	120	60	60	2
<i>Stærðfræði I</i>	F-STÆR1RB	160	80	80	1
<i>Stærðfræði II</i>	F-STÆR2TR	80	40	40	2
<i>Tölvu- og upplýsingatækni I</i>	F-TÖUP1RT	80	20	60	1
<i>Tölvu- og upplýsingatækni II</i>	F-TÖUP2RT	60	10	30	2
<i>Sjálfskraust</i>	F-SJÁT2SF	20	10	10	2
Vinnuframlag námsmanns		900			

Samskipti

Prep	2
Vinnustundir	20
Námsgrein	Samskipti
Viðfangsefni	Samskipti

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að námsmenn efla færni sína í samskiptum við aðra. Fjallað er um helstu áhrifaþætti í mannlegum samskiptum. Einnig er fjallað um virka hlustun, það að gagnrýna, að taka við gagnrýni og að leysa ágreining.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu áhrifaþáttum í mannlegum samskiptum.
- Aðferðum sem stuðla að árangursríkum samskiptum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Taka þátt í samskiptum í tengslum við margvísleg viðfangsefni.
- Bregðast við vandamálum af ábyrgð og sjálfsöryggi.
- Tjá sig heiðarlega, með virðingu og nærgætni.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Vinna með öðrum og deila gagnlegum upplýsingum.
- Vera sjálfum sér samkvæmur, sýna frumkvæði og eiga opin og heiðarleg samskipti við aðra.
- Leita eftir mismunandi skoðunum og viðhorfum og meta þau út frá staðreyndum.
- Vinna á skilvirknan hátt undir álagi og takast á við tímabundnar streituvaldandi aðstæður.
- Virða skoðanir annarra og taka tillit til þeirra í eigin tjáskiptum.
- Átta sig á gildi góðra samskipta fyrir vellíðan og árangur í námi og starfi.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir.

Námstækni

Prep	2
Vinnustundir	40
Námsgrein	Námstækni
Viðfangsefni	Námsáætlun, námsaðferðir, námsvenjur

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að þjálfa námsmenn í að beita námstækni og námsaðferðum sem henta þeim best í námi og starfi. Fjallað er um mismunandi námsvenjur einstaklinga, meðvitaðar og ómeðvitaðar og hvernig námstækni getur hjálpað við að tileinka sér betri námsvenjur. Einnig er fjallað um mismunandi matsaðferðir og námsmenn eru þjálfaðir í að framkvæma sjálfsmat og í prófataekni. Mikilvægt er að námstækni fléttist inn í alla námsþætti námskrárinnar.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Eigin námsvenjum.
- Mismunandi námstækni og námsaðferðum.
- Ólíkum matsaðferðum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Breyta eigin námsvenjum ef þörf er á.
- Setja sér námsmarkmið.
- Vinna námsáætlun sem hentar hverju sinni.
- Vinna sjálfstætt eftir skilgreindri námsáætlun og gera nauðsynlegar breytingar ef þess gerist þörf.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Beita námstækni og námsaðferðum sem henta honum best hverju sinni.
- Tileinka sér og beita stöðugt nýrri þekkingu og færni til að bæta eigin frammistöðu.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir.

Íslenska I

Prep	1
Vinnustundir	100
Námsgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Ritun, bókmenntir, framsögn, lestraraðferðir, málfræði

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í íslensku á þrepi eitt. Viðmið sem unnin voru fyrir raunfærnimat í almennum bóklegum greinum liggja til grundvallar. Helstu viðfangsefni eru lestur, ritun, hlustun, málfræði og bókmenntir. Verkefni skal samþætta öðrum námsþáttum eins og kostur er, eins og tölvu- og upplýsingatækni og erlendum tungumálum, þar sem til dæmis er lögð áhersla á þýðingar á góðri íslensku. Sérþækar áherslur eru settar fram í námslýsingu hvers og eins fræðsluaðila.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu málfræðihugtökum, orðflokkum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli.
- Helstu reglum í réttiritun.
- Algengu líkingamáli og orðatiltækjum.
- Grunnhugtökum í ritgerðasmíð.
- Mismunandi lestraraðferðum.
- Einkenum margvíslegra textategunda, til dæmis skáldverka, ljóða, tímaritsgreina, opinberra skjala eða blogg færslna.
- Grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði.
- Myndmáli og algengustu táknum og stílbrögðum í bókmenntum.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Hlusta, taka eftir og nýta sér upplýsingar í töluðu máli, til fróðleiks og skemmtunar.
- Lesa almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, til dæmis dagblöð, tímarit og skáldsögur.
- Flytja texta af ýmsu tagi með viðeigandi málvari.
- Skima texta, taka saman og flytja stuttar endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðu efni.
- Skrifa ýmsar tegundir nytjatexta í samfelldu máli þar sem framsetning er skýr og skipulögð.
- Greina setningar í aðal- og aukasetningar, fallbeygja, stigbreyta og tíðbeygja orð.
- Semja stutta texta af ýmsu tagi með viðeigandi málvari og rétttri stafsetningu.
- Lesa, túlka, meta og fjalla um margvíslegar bókmenntir og ljóð.
- Nota algeng hugtök í bragfæði svo sem rím, höfuðstafi og stuðla.
- Leita upplýsinga í heimildum, vísa til heimilda og skrá þær.
- Nota leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn til að lagfæra eigin texta.



Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Tjá skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstyðja þær og velja þeim miðil sem hentar.
- Beita einföldum blæbrigðum í málnotkun til að forðast einhæfni og endurtekningar.
- Nýta algengustu hugtök í málfræði til að bæta eigin málfærni.
- Halda uppi samræðum og rökstyðja eigin fullyrðingar, ákvarðanir eða skoðanir á málefnalegan hátt.
- Túlka og meta atburðarás og persónur í bókmenntum eða annars konar frásögnum.
- Meta á gagnrýninn hátt málfar í nærumhverfi og fjölmiðlum.
- Nýta sér upplýsingar úr ýmsum áttum og leggja mat á trúverðugleika heimilda.
- Nýta sér helstu reglur í réttitun.
- Rækta eigin orðaforða og miðla upplýsingum.
- Nýta eigin hæfni í íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir.

Íslenska II

Prep	2
Vinnustundir	100
Námsgrein	Íslenska
Viðfangsefni	Lestur, hlustun, ritun, úrvinnsla texta

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í íslensku á þrepi tvö. Viðmið sem unnin voru fyrir raunfærnimat í almennum bóklegum greinum liggja til grundvallar. Megináhersla er lögð á lestur, ritun, málfræði, setningaskipan og bókmenntir. Verkefni skal samþætta öðrum námsþáttum eins og kostur er, eins og tölvu- og upplýsingatækni og erlendum tungumálum, þar sem til dæmis er lögð áhersla á þýðingar á góðri íslensku. Sérstækar áherslur eru settar fram í námslýsingu hvers og eins fræðsluaðila.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Málfræðihugtökum og ritreglum sem nýtast í tal- og ritmáli.
- Helstu orðflokum og einkennum þeirra, svo sem sagnorðum, lýsingarorðum og nafnorðum.
- Orðaforða sem nægir til að skilja íslenskt nútímamál í ræðu og riti.
- Setningaskipan, setningarhlutum og beygingareglum fallorða.
- Helstu hugtökum í ritgerðarsmíði.
- Mismunandi tegundum bókmennta, nytjatexta og nokkrum lykilverkum íslenskra bókmennta ásamt grunnhugtökum í bókmenntafræði og norrænni goðafræði.
- Undirstöðuatriðum í framsögn, framkomu og upplestri ritaðs máls.
- Ólíkum framburði, íslenskum nafnasiðum og uppruna tungumálsins.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nýta málfræðihugtök og málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni.
- Skilja og nota algeng stílbrögð í tal- og ritmáli.
- Rökstyðja mál sitt í rituðu máli og koma skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt.
- Flytja af nokkru öryggi ræður, endursagnir, lýsingar og kynningar á afmörkuðum málefnum.
- Lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk jafnt sem nytjatexta og fjalla um inntak þeirra.
- Vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna töluverð tilbrigði í málnotkun.
- Beita grundvallarvinnubrögðum við skrif heimildaritgerða, meðferð heimilda og gerð heimildaskrár þar sem hann beitir gagnrýninni hugsun og kemur skoðunum sínum á framfæri á skýran og greinargóðan hátt.



- Nota viðeigandi hjálpargögn við frágang ritsmíða.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Draga saman og nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt.
- Beita skýru, lýtalausum og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti.
- Taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu.
- Túlka texta þó merkingin liggji ekki á yfirborðinu.
- Byggja upp ritgerð og nýta til þess viðurkenndar handbækur um ritun og frágang.
- Styrkja eigin málfærni og nám í erlendum tungumálum, til dæmis með því að nýta málfræðiupplýsingar í handbókum.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir.

Erlend tungumál I

Prep	1
Vinnustundir	120
Námsgrein	Erlend tungumál
Viðfangsefni	Orðaforði, málnotkun

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í erlendu tungumáli á þrepi eitt. Viðmið sem unnin voru fyrir raunfærnimat í almennum bóklegum greinum liggja til grundvallar. Námsmenn eru þjálfaðir í samræðum, hlustun, lestri, framsögn, skilningi og málfari. Megináhersla er lögð á að byggja upp orðaforða í tungumálinu og kynna undirstöðuatriði í málfræði. Námsmenn taka þátt í samskiptum þar sem talað er um kunnugleg viðfangsefni og er leitast við að einfalda málnotkun. Verkefni skal samþætta öðrum námsþáttum eins og kostur er, til dæmis tölvu- og upplýsingatækni og íslensku. Sértekur áherslur eru settar fram í námslýsingu hvers og eins fræðsluaðila. Miðað er við að í námsþættinum sé lögð áhersla á ensku eða ensku og dönsku.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Daglegu máli um efni sem tengjast honum persónulega, vinnu hans, námi og áhugamálum.
- Töluðu máli um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega.
- Mannlífi, menningu, siðum og samskiptavenjum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál.
- Grundvallarþáttum málkerfisins, formgerð og byggingu texta og muni á töluðu og rituðu máli.
- Undirstöðumálfræði og einfaldri málnotkun.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Lesa ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er.
- Taka þátt í almennum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi.
- Segja frá á skýran hátt með því að beita (orðaforða) málvenjum, framburði, áherslum og hljómfalli á sem réttastan hátt.
- Fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál.
- Miðla upplýsingum og skoðunum sínum skipulega á rituðu formi.
- Svара skriflega fyrirspurnum í tölvupósti og bréfum.
- Nota heimildir á netinu og annað efni máli sínu til stuðnings.
- Skrifa um atburði sem eru kunnulegir eða hafa persónulega þýðingu fyrir hann.
- Nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.



Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt.
- Afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta þær í náminu.
- Tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðgreinum og geta dregið ályktanir af því sem hann les.
- Lesa texta af hæfilegu þyngdarstigi sér til ánægju og þroska og tjá skoðun sína um textann.
- Miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum.
- Skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega.
- Takast á við aðstæður sem skapast á ferðalögum erlendis þar sem tungumálið er talað og geta tekið þátt í félagslegum samskiptum.
- Taka þátt í almennum samræðum og tjáð sig á viðeigandi hátt við flestar aðstæður á góðu og skýru máli.
- Fjalla um efni sem hann hefur áhuga á og þekkir vel.

Námsmat

Lögð er áhersla á mismunandi matsaðferðir.

Erlend tungumál II

Prep	2
Vinnustundir	120
Námsgrein	Erlend tungumál
Viðfangsefni	Orðaforði, málnotkun

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í erlendu tungumáli á þrepi tvö. Viðmið sem unnin voru fyrir raunfærnimat í almennum bóklegum greinum liggja til grundvallar. Unnið er með samræður, hlustun, lestur, framsögn, skilning og málfar. Námsmenn taka þátt í samskiptum þar sem reynir á almenna færni í tungumálinu, bæði um þekkt viðfangsefni og óþekkt. Námsmenn fá þjálfun í að beita tungumálinu af lipurð í töluðu og rituðu máli. Verkefni skal samþætta öðrum námsþáttum eins og kostur er, til dæmis tölvu- og upplýsingatækni og íslensku. Sérstækar áherslur eru settar fram í námslýsingu hvers og eins fræðsluáðila. Miðað er við að í námsþættinum sé lögð áhersla á ensku eða ensku og dönsku.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Vönduðu máli á viðkomandi tungumáli um persónulegar upplýsingar sem tengjast daglegu lífi, starfi, námi og áhugamálum.
- Helstu menningarsvæðum þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál.
- Mismunandi aðferðum við lestur, svo sem ítarlestur, skimun og hraðlestur.
- Einkennum margvíslegra textategunda, s.s. skáldverka, ljóða, tímaritsgreina, opinberra skjala eða bloggfærslna.
- Algengustu málfræðihugtökum í tungumálinu.
- Hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls.
- Orðaforða sem nauðsynlegur er til að tjá sig af nokkru öryggi og án mikillar umhugsunar um efni sem hann þekkir, hefur áhuga á eða tengjast daglegu lífi.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni.
- Nota málfræði á markvissan hátt í nútíð, þátíð og framtíð.
- Greina og skilja málfarsmun eftir málsvæðum og við mismunandi aðstæður.
- Lesa sér til ánægju og/eða gagns efni sem gerir til hans miklar kröfur, hvað varðar orðaforða, uppbyggingu, myndmál og stílbrögð.
- Beita lestraraðferðum sem eiga við eftir gerð texta eða viðfangsefnis.
- Tjá sig munnlega og skriflega á skýran hátt um málefni sem hann hefur kynnt sér og taka virkan þátt í samskiptum.
- Beita málinu af lipurð og kunnáttu og taka þátt í umræðum og rökræðum þar sem fjallað er um persónulegt, menningarlegt og félagslegt efni.



- Notað leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritsmíðar.
- Tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Fylgjast með í hversdagslegum samræðum þegar talað er skýrt og á venjulegu máli, hvort sem hann þekkir efnið eða ekki.
- Eiga frumkvæði í samræðum og taka þátt í skoðanaskiptum.
- Gera grein fyrir og rökstyðja skoðanir sínar og lýsa reynslu sinni.
- Flytja kynningar á undirbúnum texta ásamt því að bregðast við spurningum.
- Lesa, meta og fjalla um atburðarás og persónur í bókmenntum.
- Semja texta frá eigin brjósti og vera óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki og skapandi ritun.

Námsmat

Lögð er áhersla á mismunandi matsaðferðir.

Stærðfræði I

Prep	1
Vinnustundir	160
Námsgrein	Stærðfræði
Viðfangsefni	Reikniaðgerðir, algebra, brot og prósentur

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í stærðfræði á þrepi eitt. Viðmið sem unnin voru fyrir raunfærnimat í almennum bóklegum greinum liggja til grundvallar. Gera má ráð fyrir að í upphafi náms þurfi námsmenn eða hluti námsmanna að rifja upp undirstöðuatriði í samræmi við hæfniviðmið í Aðalnámskrá grunnskóla. Í námsþættinum er fjallað um undirstöðuatriði reikniaðgerða, tölur, forgangsröð, brot, prósentur, hlutföll, vexti, líkindi, jöfnur, mengi og hnitakerfi. Einnig um algebru, rúmfræði, tölfræði, líkindareikning og notkun vasareiknis og annarra hjálpartækja. Verkefni skal samþætta öðrum námsþáttum eins og kostur er, til dæmis tölvu- og upplýsingatækni. Sértekar áherslur eru settar fram í námslýsingu hvers og eins fræðsluaðila.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Undirstöðu reikniaðgerða, svo sem samlagningu, frádrætti, deilingu og margföldun.
- Náttúrulegum, heilum og ræðum tölum, forgangsröð aðgerða, notkun sviga og jafnaðarmerkis, deilanleika með lágum tölum, heiltöluveldi og námundun.
- Brotum, prósentu-, hlutfalla- og vaxtareikningi.
- Hugtakinu mengi og notkun tákna sem staðgengla talna.
- Metrakerfinu, hnitakerfinu, mælingum, flatarmáli og rúmmáli.
- Hugtökunum hvasst horn, gleitt horn og rétt horn ásamt reglu Pýþagóresar.
- Eiginleikum beinnar línu í hnitakerfi, svo sem hallatölu og skurðpunktum hennar við ása hnitakerfisins.
- Helstu hugtökum sígildrar rúmfræði, svo sem punkti, línu, línustriki, horni og marghyrningi.
- Færslum og einslögum einfaldra mynda, stækkun og smækkun, lestri korta í ýmsum hlutföllum.
- Helstu aðgerðatökkum vasareiknis.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota undirstöðureikniaðgerðir svo sem samlagningu, frádrátt, deilingu og margföldun.
- Nota algeng stærðfræðitákn, reikna í huganum, deila með lágum tölum og námunda tölur.
- Reikna hlutföll og prósentur, einfalda almenn brot og skrifa þau sem tugabrot.
- Nota tákn í stað talna, draga saman líka liði og taka sameiginlega þætti út fyrir sviga.

- Breyta á milli eininga í reikningi (t.d. breyta úr lítrum í millilítra og kílómetrum í metra)
- Reikna flatarmál og rúmmál helstu forma (ferhyrninga, þríhyrninga, trapissa, hringja, teninga, sívalninga og kúlna).
- Reikna út stærð á óþekktu horni í þríhyrningi ef hin tvö hornin eru þekkt og geta notað reglu Pýþagórasar.
- Stækka og smækka form í hnitakerfi og teikna línu eftir forskrift.
- Lesa úr einföldum tíðnitöflum og myndritum, svo sem súluritum, stöplaritum, línuritum og skífuritum.
- Reikna einföld líkindi atburða og mat á afleiðingum atburðanna.
- Nota einfalda reiknivél og algeng tölvuforrit, eins og töflureikni og rúmteikniforrit.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrá lausnir sínar skipulega, skiptast á skoðunum við aðra um þær og útskýra hugmyndir sínar og verk í mæltu máli, myndrænt eða með hjálpartækjum.
- Beita skipulegum aðferðum við leit að lausnum á þrautum úr kunnuglegu samhengi og útskýra aðferðir sínar.
- Nýta prósentur til að reikna álag og afslætti sem og í vaxtareikningi.
- Leysa úr jöfnum með einni óþekktri stærð.
- Reikna hliðarlengdir á réttthyrndum þríhyrningum til dæmis með reglu Pýþagórasar.
- Reikna líkur á einföldum atburðum.
- Beita gagnrýninni og skapandi hugsun og sýna áræði, frumkvæði, innsæi og frumleika við lausn verkefna og þrauta.
- Framkvæma einfalda útreikninga fyrir tiltekin verkefni.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir.

Stærðfræði II

Prep	2
Vinnustundir	80
Námsgrein	Stærðfræði
Viðfangsefni	Tölur, algebra, jöfnur, rúmfræði, talningarfræði, veldi

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni námsmanna í stærðfræði á þrepi tvö. Viðmið sem unnin voru fyrir raunfærnimat í almennum bóklefum greinum liggja til grundvallar. Helstu viðfangsefni námsþáttarins eru tölur, mengi, algebra, föll, rúmfræði, hnitakerfi og líkindareikningur. Einnig veldi, jöfnur, ójöfnur, mælingar, tölfræði, margliður, mengi og talningarfræði. Verkefni skal samþætta öðrum námsþáttum eins og kostur er, til dæmis tölvu- og upplýsingatækni. Sérstakar áherslur eru settar fram í námslýsingu hvers og eins fræðsluáðila.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Algengum reiknireglum, algebrubrotum, veldareglum, venslum velda og róta.
- Deilanleika út frá frumþáttun, tugveldarithætti og tilvist rauntalna.
- Fyrsta og annars stigs jöfnum, ójöfnum, margliðum, hornaföllum, logra- og vísisföllum.
- Mikilvægi nákvæmni í mælingum.
- Hugtökum evklíðskrar rúmfræði og hnitafræði í sléttum fleti, teikningum flatarmynda, samhverfu, hlutföllum lengda, flatarmála og rúmmála.
- Einföldum talningarreglum, flokkun gagna og einkennishugtökum úr lýsandi tölfræði.
- Helstu veldareglum og notkun þeirra.
- Hugtakinu normaldreifing og helstu mælikvörðum á dreifni svo sem dreifisvið, meðalfrávik og staðalfrávik.
- Helstu reglum talningarfræðinnar svo sem skúffureglu, margföldunarreglu, umröðunum og samantektum.
- Helstu mengjahugtökum svo sem grunnmengi, hlutmengi, sammengi, sniðmengi, mismengi og fyllimengi.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota reglur um stærðfræðilega framsetningu viðkomandi námsefnis og geta túlkað það sem felst í táknmálinu í mæltu máli.
- Nota frumþáttun og deilanleika út frá henni, tugveldarithátt, rauntölur, beitingu veldareglna um veldi og rætur.
- Vinna með algebrubrot og leysa annars stigs jöfnur.
- Vinna með rúmfræði og hnitafræði í sléttum fleti með gerð flatarmynda með hringfara og reglustiku.



- Nota og hanna línu- og snúningssamhverfu.
- Nota vísindalegar reiknivélar og sérhæfð stærðfræðiforrit og taka mið af því að þeim eru takmörk sett.
- Vinna með brotin veldi, leysa ójöfnur og þátta margliður, reikna einföld logradæmi.
- Rissa fleygboga í hnitakerfi út frá annars stigs margliðu.
- Beita hornaföllum til að reikna út horn og lengdir í rétthyrndum þríhyrningum (sin/cos/tan).
- Tengja jöfnu hrings við myndir af hring í hnitakerfi.
- Finna meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi bæði úr óflokkuðum gögnum og úr tíðnitöflum, reikna staðalfrávik og meðalfrávik.
- Beita helstu mengjahugtökum svo sem grunnmengi, hlutmengi, sammengi, sniðmengi, mismengi og fyllimengi.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Greina og hagnýta upplýsingar á sviði stærðfræði á viðkomandi þrepi sem birtast meðal annars í fjölmiðlum, hvort sem þær eru settar fram í töluðu eða rituðu máli, myndrænt eða í töflum.
- Nota og vinna úr tölulegum upplýsingum.
- Leysa jöfnuhneppi, annars stigs margliður og gera gildistöflu fyrir margliðu.
- Nýta eiginleika einslaga þríhyrninga.
- Tengja forskriftir ýmissa falla við ferla þeirra í hnitakerfi.
- Vinna úr gögnum og setja þau upp í tíðnitöflu.
- Reikna líkur á atburðum í endanlegu rúmi.
- Nýta Venn-myndir við lausn mengjaverkefna.
- Hagnýta stærðfræðikunnáttu, til dæmis í fjármálum, til að efla fjármálavitund.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir.

Tölvu- og upplýsingatækni I

Prep	1
Vinnustundir	80
Námsgrein	Tölvu- og upplýsingatækni
Viðfangsefni	Ritvinnsla, kynningarforrit, miðlar, töflureiknir

Lýsing

Tilgangur námsþáttarins er að efla hæfni násmanna í tölvu- og upplýsingatækni á þrepi eitt eins og því er lýst í Aðalnámskrá framhaldsskóla. Megináhersla er lögð á að nota upplýsingatækni á hagnýtan hátt og leysa einföld afmörkuð verkefni. Notkun á algengum forritum sem henta viðfangsefnum námsins er þjálfuð. Verkefni skal samþætta öðrum námsþáttum eins og kostur er, eins og stærðfræði, íslensku og erlendum tungumálum. Sértekur áherslur eru settar fram í námslýsingu hvers og eins fræðsluaðila.

Hæfniviðmið námsþáttar

Námsmaður skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Algengum aðgerðum til að komast á skjáborð sitt í tölvu, ræsa og nota forrit (ritvinnslu, töflureikni, kynningarforrit, tölvupóstforrit og vafra).
- Algengum jaðartækjum (lyklaborði, mús, skjá, prentara, hljóðnema, hlustunartæki).
- Algengum leitarforsendum leitarvéla.
- Möppugerð, vistun og prentun efnis.
- Leiðum til að eiga rafræn samskipti við aðra.
- Stílblöðum og umbroti skjala.

Námsmaður skal hafa öðlast leikni í að:

- Ræsa tölvu með notandanafni og lykilorði og ganga frá tölvu.
- Nota lyklaborð, mús, prentara, minnislykil og önnur jaðartæki.
- Ræsa forrit, nota algengar skipanir og ganga skipulega frá skjölum.
- Skrifa rafrænan texta og tengja texta, mynd og hljóð eftir því sem við á.
- Framsetningu gagna á myndrænu formi, t.d. í töflureikniforriti.
- Sníða og brjóta um í forritum.
- Nota stílblöð og innbyggð snið.
- Nota vafra og leitarvélar í markvissum tilgangi.
- Nota hljóðnema, hlustunartæki og vefmyndavél.

Námsmaður skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Opna, skrifa og senda tölvupóst með viðhengi.
- Nota ritvinnslu til að opna skjal, skrifa og vista í möppu.
- Nota töflureikni til að opna skjal, skrifa texta, reikna og vista í möppu.
- Gera kynningu með bakgrunni, litum, ljósmyndum og teikningum.
- Leita á Netinu eftir ýmsum leitarforsendum leitarvéla.



- Eiga samskipti á Netinu, taka þar þátt í spjalli og stunda viðskipti.
- Finna á Netinu og velja gagnlegar orðabækur fyrir íslensku og erlend tungumál.

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir.

Tölvu- og upplýsingatækni II

Prep	2
Vinnustundir	60
Námsgrein	Tölvu- og upplýsingatækni
Viðfangsefni	Ritvinnsla, kynningarforrit, miðlar, töflureiknir

Lýsing

